

Innritunarreglur Leikskólans í Stykkishólmi

1. Leikskólinn í Stykkishólmi er rekinn af Sveitarfélaginu Stykkishólmi og er fyrir börn frá 1 árs til 6 ára aldurs með lögheimili í sveitarfélaginu eða skv. gerðum samningum á milli sveitarfélaga. Skólinn tekur alls 88 börn. Leikskólinn starfar í fjórum deildum. Miðað er við að jafnaði séu að hámarki 18 börn á Bakka, 20 börn á Vík, 24 börn á Nesi og 26 börn Ási. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45 – 16:15 alla virka daga. Í boði er sveigjanlegur vistunartími, 4 - 8 1/2 tímar á dag. Heimilt er að sækja um breytilegan vistunartíma með meðfylgjandi skilyrðum:

- Vistunartími sé að lágmarki 4 tímar alla daga vikunnar.
- Vistunartími hefjist kl. 10:00 í síðasta lagi.
- Vistunartími sé eins allar vikur.
- Binditími er 5 mánuðir (haustönn/vorönn).
- Segja verður upp samningi með mánaðar fyrirvara.

2. Sækja skal um leikskólavist á þar til gerðum eyðublöðum sem fást í leikskólanum og á íbúagátt á heimasíðu Sveitarfélagsins Stykkishólms. Umsóknir skulu berast leikskólanum eða skrifstofu sveitarfélagsins.

3. Öllum foreldrum/forráðafólki barna er heimilt að sækja um leikskóladvöl óháð lögheimili en leikskólavist er ekki úthlutað nema staðfest sé að barnið eigi lögheimili í Sveitarfélaginu Stykkishólmi eða að samningur liggi fyrir við lögheimilissveitarfélag. Hægt er að sækja um tímabundna undanþágu vegna lögheimils enda liggi fyrir gildar ástæður s.s. námsdöl, veikindi o.fl. Leggja þarf fram samþykki lögheimilissveitarfélags um greiðslu á hlut Sveitarfélagsins Stykkishólms vegna leikskólavistar barnsins og samþykki Sveitarfélagsins Stykkishólms um undanþágu frá lögheimili.

4. Forráðafólk/foreldrar eru hvattir til þess að sækja tímanlega um leikskólavist fyrir börn sín. Ef óskaðer eftir leikskóladvöl að hausti, þarf umsókn að liggja fyrir í síðasta lagi 1. maí, það ár. Hægt er að óska eftir forgangi fyrir börn með greiningu frá viðurkenndum greiningaraðilum og börn einstæðra foreldra. Beiðni um forgang og öðrum erindum frá félagsþjónustu er sinnt eftir fremsta megni.

5. Foreldrum berast svör um leikskólavist barns og væntanlegan aðlögunartíma með eins góðum fyrirvara og auðið er og ekki seinna en mánuði áður en aðlögun hefst.

6. Ef biðlisti myndast er leikskólavist úthlutað eftir aldri barns og eldri börn fá vistun á undan sér yngri. Þegar kemur að vali milli barna sem fædd eru á sama ári og hafa náð tilskildum aldri, gildir aldur umsókna. Aðlögun barna fer að mestu leyti fram í janúar, júní, ágúst og september. Eftir að hefðbundnum aðlögunartíma lýkur eru aðrir aðlögunartímar skoðaðir sérstaklega ef og þegar það eru laus leikskólapláss, þá að jafnaði í upphafi mánaðar eftir að barn nær 12 mánaða aldri.

7. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á leikskólavist er einn mánuður. Miðað er við 1. eða 15. hvers mánaðar. Segja skal upp leikskólavist skriflega á eyðublöðum sem fást í leikskólanum.

Ef breyta á leikskólatíma barns verður sú breyting að gilda í 3 mánuði, sjá þó 1.gr. varðandi breytilegan vistunartíma. Þar af leiðandi eru börn ekki tekin inn fyrir skemmri tíma er 3 mánuði nema sérstakar ástæður liggi fyrir, sbr. 3. og 4. gr.

8. Gjaldskrá leikskólans má finna á heimasíðum Sveitarfélagsins Stykkishólms og Leikskólans í Stykkishólmi..

Samþykkt á 44. fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Stykkishólms 29. janúar 2026.